

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu/sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Hornafirði.

1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna meðferðar úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði. Árlegt grunngjald vegna sorphirðu, sorpeyðingar og endurvinnslu í Sveitarfélaginu Hornafirði er sem hér segir:

- A. Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbýli, eða íbúðarhúsnæði utan þéttbýlis greiðst grunngjald fyrir hverja 120 l tunnu og/eða 240 l tunnu:
- | | | |
|-------------------|-----------------|------------|
| Sorphirðugjald | | 10.000 kr. |
| Sorpeyðingargjald | 240 lítra tunna | 14.000 kr. |
| Sorpeyðingargjald | 120 lítra tunna | 5.000 kr. |
- B. Óski greiðendur eftir stærri/fleiri sorpilátum greiðist viðbótarsorpeyðingargjald í samræmi við lið A. Sækja þarf um mismunandi stærð á tunnum fyrir 1. desember ár hvert. Eingöngu er tekið það sorp sem er í sorptunnum.
- C. Á hvert frístundahús (sumarbústaðir o.þ.h.) er heimilt að leggja sérstakt gjald vegna sorphirðu og/eða sorpeyðingar. Þar sem sumarbústaðir eru 20 eða fleiri skal leggja á sérstakt gjald fyrir sorphirðu að viðbættu sorpeyðingargjaldi enda verður komið upp gámasvæði við sumarbústaðahverfi með yfir 20 bústöðum eða fleiri yfir mesta ferðamannatímamann frá 1. júní – 1. september. Í sumarbústaðahverfum þar sem eru færri en 20 bústaðir eru eingöngu lögð á gjöld vegna sorpeyðingar.
- | | |
|--|---------------------------------|
| Sorphirðugjald þar sem eru fleiri en 20 bústaðir | 2.200 kr. á bústað |
| Sorpeyðingargjald | 3.500 kr. (1/4 af 240 l gjaldi) |

2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og eyðingu samkvæmt 1. gr. hér að ofan skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldtaka fyrir úrgang fyrirtækja og rekstur á lögbýlum svo sem búrekstur og aðra matvælaframleiðslu fer fram með eftirtöldum hætti í samræmi við 2. gr. samþykktar um sorphirðu í Sveitarfélaginu Hornafirði nr. 104/2000 og tekur breytingum í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar ár hvert.

Umsýslu- og rekstrargjald óháð stærð	14.000 kr.
Sorpeyðingargjald fyrirtækja með gám	9,5 kr./kg
Sorpeyðingargjald fyrirtækja með ílát	1.155 kr./m ³

Fastagjald fyrir sorphirðu fyrirtækja skal innheimt með fasteignagjöldum. Sorphirðuaðili sér um að skrásetja og vigta úrgang frá fyrirtækjum. Sveitarfélagið tekur saman skráð gögn ársfjórðungslega og innheimtir í samræmi við ofangreinda gjaldskrá. Innheimta fer fram með innheimtuseðli og skal fylgja sundurliðun kostnaðar með hverjum innheimtuseðli þar sem fram kemur hvenær ílát/gámar voru tæmdir og hvað þeir vógu mikið í þeim tilfellum sem vigtað er.

4. gr.

Fyrirtæki greiða fyrir úrgang sem komið er með til gámaports við áhaldahús eða starfsmenn áhaldahúss ná í heim á bæi. Fyrirtæki greiða fyrir óflokkanlegan úrgang og þann úrgang sem ekki ber úrvinnslugjald. Starfsmaður gámaports ákveður, að fenginni lýsingu úrgangshafa á úrgangi, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. neðangreindri gjaldskrá.

1. *Án endurgjalds:*

- Dekk
- Bylgjupappír

Sléttur pappír
 Mjúkt plast
 Dagblöð
 Tímarit
 Baggplast
 Endurnýtanlegur húsbúnaður
 Endurnýtanlegur fatnaður
 Annar úrgangur til endurnotkunar

2. *Óflokkaður úrgangur:*

Járn	1 kr./kg
Grófur óflokkaður úrgangur ¹	1.845 kr./m ³
Blandaður úrgangur ²	1.740 kr./m ³
Timbur (málað, plasthúðað og blandað)	2.460 kr./m ³
Timbur (hreint, ekki litað eða fúavarið)	1.230 kr./m ³
Lífrænn úrgangur	13 kr./kg
Heimilistæki og önnur raftæki	13 kr./kg

3. *Spilliefni og mengaður úrgangur o.þ.h sem úrvinnslugjald er ekki lagt á:*

Olíusíur	100 kr./kg
Olíuúrgangur s.s. ódælanlegur úrgangur og olíumengaður jarðvegur, tvistur o.fl.	155 kr./kg
Lífræn spilliefni með halógenum og/eða brennisteini ³	815 kr./kg
Lífræn spilliefni án halógens og brennisteins ⁴	210 kr./kg
Málning vatnsblönduð og önnur ótalin eftirlitsskyld spilliefni	50 kr./kg
Kvikasilfursmengaður úrgangur	540 kr./kg
Oxandi- og gasmyndandi efni	875 kr./kg
Ólífræn spilliefni ⁵	310 kr./kg
Ýmis spilliefni sem þarfnast efnagreiningar ⁶	310 kr./kg
Umbúðir spilliefnamerkta/spilliefnamengaðar > 100 l	5.730 kr./kg
Umbúðir spilliefnamerkta/spilliefnamengaðar < 100 l	1.435 kr./kg

6. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustuþætti, þegar um er að ræða afmarkaðri eða víðtækari þjónustu en gjaldskráin tekur til.

Sveitarfélaginu er heimilt að ákveða að veita allt að 3% afslátt af framangreindri gjaldskrá gegn skilvísri greiðslu gjalda skv. gjaldskránni. Ennfremur er sveitarfélaginu heimilt að koma á sérstöku fyrirkomulagi sem miðar að jöfnun flutningsgjalda fyrirtækja m.t.t. staðsetningar fyrirtækja og urðunarstaðar.

7. gr.

Gjald fyrir úrgang sem komið er með til urðunar að urðunarstað í Syðra–Firði í Lóni er:

Fiskúrgangur	9,5 kr./kg
Sláturúrgangur	9,5 kr./kg
Seyra	6,5 kr./kg

¹ Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir förgun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, steinefni og gler.

² Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar fyrir förgun.

³ S.s. ýmis PCB úrgangur.

⁴ Etylenglýkól, frostlögur, prýlenglýkól, ediksýra, lífrænar sýrur, asfalt, amín, lífræn sölt, polyól og tektyl.

⁵ S.s. brennisteinssýra, saltsýra, fosförsýra, flúorsýra, krómsýra, málmhreinsisýrur, lútur, basísk affitunarböð með cyaníði, galvanhúðunarböð, herðisölt, natrium hyrdoxíð, fljótandi hýpólórit, málmhydroxíðleðja, ólífræn sölt.

⁶ S.s. lyf, sprautunálar, flugeldar, polyúretan úðabrúsar.

Enginn má losa sorp á urðunarstað sem ekki hefur sérstakan samning við sveitarfélagið um losun úrgangs á urðunarsvæði þess.

8. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengis dóms, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöld eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokaml. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af bæjarráði þann 24. janúar 2011 og staðfest af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 2. febrúar 2011 að fenginni umsögn HAUST og með stoð í 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði, nr. 104/2000, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum og 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 með síðari breytingum.

Gjaldskráin tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu nr. 1109/2009.

Höfn, 16. febrúar 2011.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Haukur Ingi Einarsson, staðgengill bæjarstjóra.